

## 20. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 17.11 2015, kl. 13.30

---

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson. Mættir voru einnig fulltrúar Fljótsdalshéraðs Björn Ingimarsson, Gunnar Jónsson og Stefán Bogi Sveinsson til umræðu um 1. lið.

### Dagskrá:

1. **Brunavarnir á Héraði**, fulltrúar Fljótsdalshéraðs mæta til umræðu um framtíðarskipulag samlagsins.
2. **Umhverfisstyrkir**
  - a) Björk Kjartansdóttir, Klúku
  - b) Hjörleifur Kjartansson, Glúmsstöðum 2
  - c) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði
3. **Fjárhagsáætlanir stofnana**
  - a) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2016, ársskýrsla 2014, ársreikningur 2014 og endurskoðunarskýrsla.
  - b) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2016
  - c) Fjárhagsáætlun HAUST 2016, ársskýrsla og ársreikningur 2015
  - d) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2016 og fjárfestingaáætlun 2015-2016
  - e) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2016
  - f) Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2016
  - g) Ársreikningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2014 og ársskýrsla 2014. Fjárhagsáætlun safnsins 2016, samþ. á fundi sveitarstjórnar 11/8 2015
4. **Gjaldskrár og reglur 2016**
  - a) Reglur um frístundastyrki 2016
  - b) Reglur um umhverfisstyrki 2016
  - c) Reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa 2016
  - d) Reglur um styrki til framhaldsskólanema 2016
  - e) Samningar við refaveiðimenn 2016
  - f) Launataxti og kjör sveitarstjórnar og nefnda 2016
  - g) Reglur um niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótsdalshreppi
  - h) Álagningar- og innheimtu reglur fasteigna- og þjónustugjalda 2016
  - i) Útsvarsprósenta 2016
5. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2016, fyrri umræða**

## 6. Önnur mál

1. **Brunavarnir á Héraði.** Eftir umræðu um samlagið, kosti og galla núverandi fyrirkomulags þ.e. að hafa starfsemina í byggðasamlagi, var samþykkt að aðilar kanni möguleika á að gerður verði samstarfssamningur um starfsemina.

*Gestir fundarins yfirgáfu fund kl. 14.15.*

## 2. Umhverfisstyrkir

- a) Björk Kjartansdóttir, Klúku. Samþykktur hámarksstyrkur.
- b) Hjörleifur Kjartansson , Glúmsstöðum 2. Samþykktur hámarksstyrkur.

*Anna Jóna vék af fundi.*

- c) Guðmundur Pétursson , Bessastaðagerði. Sótt er um styrk vegna 2015 og breytingu á styrkumsókn v/2014. Samþykktur hámarksstyrkur 2015 og heimiluð breyting v/2014.

*Anna Jóna kom aftur til fundar.*

## 3. Fjárhagsáætlanir stofnana

- a) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2016 , ársskýrsla 2014, ársreikningur 2014 og endurskoðunarskýrsla. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, önnur gögn lögð fram til kynningar.
- b) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2016. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 696.250-
- c) Fjárhagsáætlun HAUST 2016, ársskýrsla og ársreikningur 2015. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 670.575-. Önnur gögn lögð fram til kynningar.
- d) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2016 og fjárfestingaáætlun 2015-2016. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun og er áætlaður hlutur Fljótsdalshrepps kr. 845.273-
- e) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2016. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun , hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 2.977.957-
- f) Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2016. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun , hlutur Fljótsdalshrepps er kr. 1.308.252-
- g) Ársreikningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2014 og ársskýrsla 2014. Fjárhagsáætlun safnsins 2016 var samþ. á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 11/8 2015. Gögn lögð fram til kynningar.

## 4. Gjaldskrár og reglur 2016

- a) Reglur um frístundastyrki 2016. Samþykkt að frístundastyrkur árið 2016 verði kr. 13.500,-.
- b) Reglur um umhverfisstyrki 2016. Samþykkt að styrkir verði veittir árið 2016 og reglur verði óbreyttar.
- c) Reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa 2016. Samþykktar óbreyttar reglur fyrir 2016.

- d) Reglur um styrki til framhaldsskólanema 2016. Samþykkt að styrkur til framhaldsskólanema vegna 2016 verði kr. 90.000,- per önn, að öðru leyti verði reglur um styrkina óbreyttar.
- e) Samningar við refaveiðimenn 2016. Samþykkt að auglýsa eftir veiðimanni á Múla og Kiðafell til grenjaleita. Launataxti fyrir leit verður kr. 3.600,- per klst, að öðru leiti verða reglur um refaveiðar óbreyttar fyrir árið 2016.
- f) Launataxti og kjör sveitarstjórnar og nefnda 2016 Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga um að laun sveitarstjórnar og nefnda uppreiknist samkv. launavísitölu um áramót eins og verið hefur. Taxti tímakaups og verktöku hækki í samræmi við launaþróun, að öðru leyti verða reglur óbreyttar.
- g) Reglur um niðurfellingu eða styrki vegna fasteignaskatts í Fljótsdalshreppi. Samþykktar óbreyttar reglur fyrir árið 2016.
- h) Álagningar-og innheimtu reglur fasteigna-og þjónustugjalda 2016. Samþykkt fyrirbyggjandi tillaga fyrir 2016. Álagningarprósenta fasteignaskatts verður óbreytt sem og gjaldskrár fyrir sorphirðu og rotþrær. Fasteignagjöld um fram 20.000,- kr. verða innheimt með 3 gjalddögum. Tekjumörk afsláttar fasteignaskatts af eigin íbúðarhúsnæði sem elli –og örorkulífeyrisþegar búa í eru hækkuð lítilsháttar, en að öðru leyti óbreyttar reglur.
- i) Útsvarsprósenta 2016. Samþykkt að halda óbreyttu útsvari 13.20% fyrir 2016.

Ofangreindar reglur og samþykktir geta íbúar kynnt sér á heimasíðu Fljótsdalshrepps [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is), og á skrifstofu sveitarfélagsins, þegar fjárhagsáætlanagerð næsta árs verður lokið. Oddvita er falið að kynna styrkmöguleika í fréttabréfi til íbúa.

**5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2016, fyrri umræða.** Fyrirbyggjandi tillaga að fjárhagsáætlun yfirfarin , rædd og vísað til annarrar umræðu.

**6. Önnur mál.**

- a) Sótt er um styrk vegna útgáfu jólablaðs ÚÍA (Snæfells) . Samþykkt að styrkja útgáfuna með kaupum á styrktarlínu kr. 6.200,-.
- b) Samþykkt að styrkja sauðfjárnætur í Fljótsdal vegna garnaveikibólusetningu 2015, sem nemur kostnaði við lyf.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið 18.30  
Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)